

Skátaþing 20.-21. mars 2009
Ísland og umheimurinn!
Haldið í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 Reykjavík

Föstudagur 20. mars

Kl. 19:30 Aðalfundur BÍS

Setning – Margrét Tómasdóttir, skátahöfðingi setti Skátaþing 2009. Hún ræddi tilgang og markmið skátaheyfingarinnar. Þá flutti hún þinginu kveðjur sem borist höfðu frá fjölmörgum aðilum.

Ávörp –

Katrín Júlíusdóttir frá Samfylkingunni flutti ávarp og kveðjur.
Erla Ósk Ásgeirsdóttir frá Sjálfstæðisflokknum flutti ávarp og kveðjur.

Kosning fundarstjóra og fundarritara

Stjórn BÍS leggur til að Halldór Magnússon verði þingforseti.

Samþykkt.

Stjórn BÍS leggur til að Þóra Guðnadóttir verði þingritari.

Samþykkt.

Inntaka nýrra skátafélaga

Margrét Tómasdóttir, skátahöfðingi sagði að Skátafélagið Örninn, Grundarfirði, hefur verið endurreist með 67 meðlimum. Aðalsteinn Þorvaldsson er félagsforingi en þar sem þeir eru í fyrstu félagsútilegu sinni komst hann ekki á þingið.

Þingheimur fagnaði þessari endurreisn skátafélagsins með klappi.

Afhending skipunarbréfa

Margrét Tómasdóttir, skátahöfðingi afhenti eftirtöldum félagsforingjum skipunarbréf:

Baldri Árnasyni Segli

Margréti Aðalgeirsdóttur Klakki

Guðjóni Rúnari Sveinssyni Hraunbúum

Albert Guðbrandssyni Árbúum

Guðbjörgu Sólveigu Sigurðardóttur Skátafélagi Borgarness

Þorgerði Brynjólfsdóttur Svönum

Guðrúnu Häsler Heiðabúum

Þórdís Kristvinsdóttir Héraðsbúum

Afhending heiðursmerkja og viðurkenninga

Margrét Tómasdóttir, skátahöfðingi afhenti heiðursmerki:

Guðbjörg Sólveig Sigurðardóttir, Skf. Borgarness, Þórshamar úr bronsi

Ævar Aðalsteinsson, Mosverjum, Þórshamar úr bronsi

Jenný Dögg Björgvinsdóttir, Þórshamar úr bronsi

Karlinna Sigmundsdóttir Stróki, Þórshamar úr gulli

Kosning í kjörnefnd og allsherjarnefnd

Þingforseti kynnir tillögu stjórnar BÍS

Stjórn BÍS leggur til að eftirtaldir sitji í kjörnefnd Skátaþings 2009

Jenný Dögg Björgvinsdóttir, stjórn BÍS

Sigurdríf Jónatansdóttir, SSN/Eilífsbúum

Atli B. Bachmann, Radíóskátum

Júlíus Aðalsteinsson verkefnastjóri BÍS vinnur með nefndinni.

Samþykkt.

Tillaga stjórnar BÍS að fulltrúum í allsherjarnefnd Skátaþings 2009

Bragi Björnsson, stórn BÍS

Helgi Grímsson, Víflí

Þorvaldur Sigmarsson, Kópum

Dagmar Ólafsdóttir, Skjöldungum

Karlinna Sigmundsdóttir, Strók

Samþykkt

Kaffihlé – 20 mín.

Niðurstaða kjörnefndar kynnt

Jenný Dögg Björgvinsdóttir, formaður kjörnefndar kynnti niðurstöður kjörnefndar. 82 atkvæði eru í salnum.

Tillaga að dagskrá Skátaþings

Þingforseti kynnir tillögu stjórnar BÍS að dagskrá þingsins (þingskjal no 5).

Samþykkt samhljóða

Skýrsla stjórnar BÍS

Margrét Tómasdóttir, skátahöfðingi, kynnir skýrslu BÍS fyrir árið 2008, sem dreift var til allra þingfulltrúa.

Gaf síðan orðið til formanna fastaráðanna:

Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, sagði m.a. frá smáþjóðaleikum 2010, alþjóðlegu hjálparstarfi og fleiru.

Jenný Dögg Björgvinsdóttir, formaður dagskráráðs, ræddi skátadagskrána og þakkaði öllum gott samstarf en hún lætur nú af störfum í stjórn BÍS.

Margrét Vala Gylfadóttir, formaður fræðsluráðs, ræddi námskeiðahald og sagði m.a. að 300 manns hefðu tekið þátt í námskeiðum á vegum BÍS á árinu 2008.

Skátahöfðingi hvatti síðan alla til að vera virka á þinginu og nýta sér dagskrána sem ráðin munu bjóða á laugardeginum.

Umræður: til máls tóku.

Jakob Guðnason, fyrir hönd Miðjuhóps, Ingimar Eydal, Klakki, Dagbjört Brynjarsdóttir Smiðjuhópi, Harpa Ósk Valgeirsdóttir, Ægisbúum, Arnlaugur Guðmundsson, Landnemum, Gísli Bragason, Vífli, og Bragi Björnsson, aðstoðarskátahöfðingi.

Skýrsla stjórnar BÍS borin upp og samþykkt samhljóða.

Reikningar BÍS

Guðjón Á. Ríkharðsson, gjaldkeri BÍS, fylgdi árreikningum úr hlaði en þeir voru í skýrslu stjórnar.

Fyrirspurnir komu frá: Guðmundi Finnbogasyni, Vífli, Gunnari Atlasyni, Mosverjum, Sverre Valtý Helgasyni, Hraunbúum/Kópum og Arnlaugi Guðmundssyni, Landnemum.

Guðjón Ríkharðsson og Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri BÍS, svöruðu fyrirspurnum.

Reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða.

Árgjald BÍS

Guðjón Á. Ríkharðsson, gjaldkeri BÍS kynnti tillöguna (þingskjal no. 6):

Stjórn BÍS leggur til við Skátaþing 2009 að árgjald skátafélaganna til BÍS verði lækkað í kr. 400,- fyrir hvern starfandi skáta starfsárið 2009-2010.

Greinargerð.

Stjórn BÍS hefur markað þá stefnu að árgjald skátafélaganna til BÍS lækki árlega um kr. 100,- á ári þannig að það verði í lok tímabilsins samsvarandi árgjaldi BÍS til WOSM og WAGGS.

Umræður, til máls tóku: Daníel Þorláksson, Kópum, Elmar Orri Gunnarsson, Landnemum, Guðrún Ása Kristleifsdóttir, verkefnastjóri Roverway, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður Alþjóðaráðs.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun BÍS fyrir árin 2009 og 2010

Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri BÍS kynnti fjárhagsáætlun (þingskjal no. 7)

Umræður, til máls tóku: Helgi Grímsson, Vífli, Þór Ólafur Hammer, Stróki, Sigurður Már Ólafsson, Skjöldungum, Baldur Árnason, Segli, Hólmur Þór Eðvaldsson, Kópum, Bragi Björnsson, aðst. skátahöfðingi og Þorsteinn Fr Sigurðsson, framkvæmdastjóri BÍS.

Fjárhagsáætlun borin upp og samþykkt samhljóða.

Starfsáætlun til tveggja

Bragi Björnsson, aðstoðarskátahöfðingi kynnti starsáætlun (þingskjal 8 og 8a).

Umræður, til máls tóku. Nanna Guðmundsdóttir, Ægisbúum, Hreiðar Oddsson, Kópum, Smári Guðnason, Hraunbúum, Arnlaugur Guðmundsson, Landnemum, Júlíus Aðalsteinsson, verkefnastjóri BÍS, Dagbjört Brynjarsdóttir, Mosverjum, Ingimar Eydal, Klakki, Jenný Dögg Björgvinsdóttir, stjórn BÍS, Sigurður Már Ólafsson, Skjöldungum, Ævar Aðalsteinsson, Moverjum, Þorvaldur J Sigmarsson, Kópum, Nína Jensen, Klakki, Atli Bachmann, Radíóskátum, Guðbjörg Sigurðardóttir, Borgarnesi, Tryggvi Marinósson, Klakki, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, form Alþjóðaráðs.

Starfsáætlun borin upp og samþykkt samhljóða.

Kosningar

Bragi Björnsson, aðstoðarskátahöfðingi, formaður uppstillingarnefndar kynnti framboð.

Uppstilling fyrir Skátaþing 2009

Formaður alþjóðaráðs til þriggja ára

Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs

Formaður Dagkráráðs til þriggja ára

Jón Ingvar Bragason, fv. fræðslustjóri BÍS
Formaður fræðsluráðs til þriggja ára
Margrét Vala Gylfadóttir, formaður fræðsluráðs
Formaður fjármálaráðs til eins árs
Finnbogi Finnbogason, Landnemun
Eftirtaldir meðlimir fastaráða BÍS til eins árs:

Alþjóðaráð:

Dagmar Ólafsdóttir, alþjóðaráði
Jón Þór Gunnarsson, alþjóðaráði
Ragnheiður Jóna Grétarsdóttir, alþjóðaráði
Karl Njálsson, alþjóðaráði

Dagskrárráð:

Dagbjört Brynjarsdóttir, dagskrárráði
Ingólfur Már Grímsson, dagskrárráði
Henrý Hálfðánarson, dagskrárráði
Alma Ósk Melsted, Ægisbúum

Fjármálaráð:

Guðjón Á. Ríkharðsson, fjármálaráði
Anna María Danielsdóttir, Kópum
Bergur Ólafsson, Hraunbúum
Tryggvi Páll Friðriksson, HSSR

Fræðsluráð:

Ásgeir Ólafsson, fræðsluráði
Hreiðar Oddsson, fræðsluráði
Smári Guðnason, Hraunbúum
Hulda Lárusdóttir, Landnemun

Upplýsingarráð:

Birgir Ómarsson, Garðbúum
Jón Axel Ólafsson
Jónatan S. Svavarsson, Vífli
Tómas Bjarnason, Ægisbúum

Uppstillingarnefnd til tveggja ára

Halla Helgadóttir, uppstillingarnefnd
Ásta Ágústsdóttir, uppstillingarnefnd

Endurskoðendur til eins árs

Sigurþór Ch. Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi, KPMG
Auður Búadóttir, skoðunarmaður

Formaður Skátaréttar til þriggja ára

Börkur Hrafnsson, hdl, formaður Skátaréttar.

Þar sem ekki bárust fleiri framboð eru allir ofantaldir sjálfkjörnir og þingheimur klappaði þá í embætti.

Lagabreytingar

Þar sem langt var liðið á kvöldið var ákveðið að þær tillögur sem lágu fyrir þinginu væru kynntar af tillöguflýtyndum, en umræðum um þær og afgreiðslu þeirra frestað til þingfundar næsta dags.

Lagabreytingatillaga 1 (tillaga til breytinga á 16. gr. laga BÍS) Þingskjal no 10.

Guðjón Rúnar Sveinsson félagsforingi Hraunbúa fylgir tillögu þeirra úr hlaði:

Skátafélagið Hraubúar leggur fram eftirfarandi lagabreytingartillögu við lög

Bandalags íslenskra skáta:

Þessum ákvæðum verði bætt inn í lögin undir lið 16.

1. Í félagatali skátafélaga skal aðgreina féлага á eftirfarandi hátt (a og b):

a) Skátar á skátaaldri (7-22 ára) sem hafa

- i. unnið skátaheit
- ii. greitt árgjald til skátafélags á starfsárinu
- iii. verið virkir þátttakendur í skátastarfi í a.m.k. 3 mánuði á starfsárinu

b) Skátar eldri en 22 ára sem hafa

- i. Unnið skátaheit
- ii. Gegnt formlegu hlutverki í starfi félagsins, skátasambands, BÍS eða alþjóðahreyfinga skáta eða skipaðir í verkefnahöpa fyrir hönd fyrrgreindra aðila á starfsárinu
Heimilt er að auki að tilgreina í ársskýrslu aðra sem hafa starfað á vegum félagsins með eftirtalinni aðgreiningu (c og d). Þessir einstaklingar teljast ekki til félaga skátafélagsins.

c) Bakland, einstaklingar eldri en 22 ára

- i. Einstaklingar sem hafa stutt við skátastarf á vegum skátafélags með einum eða öðrum hætti á yfirstandandi starfsári.

d) Þátttakendur í starfi á vegum skáta

Börn og ungmenni á skátaaldri (7-22 ára) sem hafa greitt þátttökugjöld fyrir þátttöku í starfi á vegum skátafélaga (vertu viðbúinn, sumarstarf, sumarbúðir o.p.h.) Þau teljast þó ekki skátar, enda hafa þau ekki unnið skátaheitið.

Í skýrslum skátafélaga, félagatali og bókhaldi skulu félagar aðgreindir með þessum hætti. Félagatal BÍS skal einnig aðgreint með þessum hætti. Í skýrslum og gögnum BÍS skulu félagar aðgreindir með þessum hætti.

Greinargerð

Það hefur hingað til verið mjög óljóst hvernig félögin telja þátttakendur í skátastarfi. Þessi tillaga miðar að því að bæta þar úr. Hún gerir ráð fyrir því að félögin telji þátttakendur í nokkrum flokkum og skili félagatali þannig inn til BÍS.

A liður telur þá skáta sem eru á skátaaldri og stunda hefðbundið reglulegt skátastarf. Vinna með þessum hópi er helsta hlutverk skátahreyfingarinnar. Mörg erlend bandalög telja aðeins þennan hóp meðlima sinna enda sé til dagskrá fyrir þennan hóp. Miðað við núgildandi lög BÍS væri skattur félaganna til BÍS greiddur í samræmi við fjölda skáta í þessum lið enda sé þessi hópur sannanlega sá hópur sem að greiðir til félaganna.

B liður tekur til stuðningsliðs hreyfingarinnar, foringja, stjórnar og þeirra sem að jafnaði starfa fyrir félögin eða fyrir hönd þeirra. Eðlilegt er að halda til haga þessum upplýsingum enda þurfa félögin oft að hafa samband við þessa aðila, þeir sækja námskeið á vegum BÍS og hafa með rekstur og framgang skátahreyfingarinnar að gera. Tilvonandi breytingar á félagatali BÍS gera einnig ráð fyrir því að upplýsingar um framvindu þessara einstaklinga s.s. námskeið sem sótt eru eða veitt heiðursmerki séu skráð.

C liður tekur til og skráir það sem sumstaðar hefur verið kallað bakland félaganna. Þetta eru áhugasamir foreldrar eða gamlir félagar sem aðstoða félögin og styðja þau í tímabundnum verkefnum (félagsútilega, vinnuhelgi í skátaskála, sumardagurinn fyrsti, einstaklingar sem veita félaginu sérstaka fyrirgreiðslu eða afslætti. Oft þarf að hafa samband við þessa aðila og þeir hafa ef til vill áhuga á að fá útgefið efni frá BÍS og því eðlilegt að skrá grunn upplýsingar um þá.

D liður tekur til annars starfs félaganna s.s. námskeiða, sumarbúða eða þess háttar. Það er eðlilegt að BÍS og félögin geti flaggað þessum tölum þegar kemur að því að sækja styrki til ríkis og bæja. Það er líka kappsmál að félögin geti borið saman árangur sinn í öðrum rekstri til að hægt sé að læra hvert af öðru. Þá felast í öllum félagatölum mikilvægar upplýsingar um stærð og sveiflur í skátastarfi á Íslandi og því mjög mikilvægt að allar tölur séu réttar og áreiðanlegar.

Markmið þessara lagabreytinga er að búa til sambærilegan grunn til að byggja á ábyrga og rétta tölfræði. Tölur um aðsókn í starfið þurfa að gefa rétt mynd af stöðunni til þess að hægt sé að fylgjast með breytingum og sveiflum og bregðast við þeim. Þá er mjög mikilvægt að hreyfingin skilgreini í sameiningu hverjir eru skátar í starfi hjá hreyfingunni og hverjir ekki. Æskilegur fylgifiður þessarar skráningarskilgreiningar er sameiginlegt félagaskráningarkerfi BÍS.

Lagabreytingatillaga 2 (tillaga til breytinga á 20. grein laga BÍS) Þingskjal no 11.

Guðmundur Finnbogason Víflí fylgdi tillögu Vífils og Heiðabúa úr hlaði:

Skátafélögin Heiðabúar og Vífill

Leggja fram eftirfarandi lagabreytingartillögu við lög Bandalags íslenskra skáta:

Þessar breytingar varða 20. grein laga BÍS.

Rétt til setu á Skátapingi eiga:

A) Með atkvæðisrétti:

Fulltrúar skátafélaga skv. eftirfarandi:

- Eitt atkvæði fyrir hvert starfandi skátafélag sem er aðili að BÍS.
- Eitt atkvæði fyrir félagsforingja hvers starfandi félags sem er aðili að BÍS.
- Eitt atkvæði fyrir hvert félag sem hlotið hefur viðurkenninguna „Á réttri leið“.

Fulltrúar skátafélaga á skátapingi fara með atkvæðisrétt fyrir sitt félag. Skáti getur einungis borið eitt atkvæði á skátapingi. Atkvæði félagsforingja getur hann borið eða aðstoðarfélagsforingji sem staðgengill hans. Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu hafa náð 18 ára aldri

B) Með málfrelsi og tillögurétti:

1. Stjórn BÍS
2. Stjórnir skátasambanda eða landssamtaka sem viðurkennd eru af aðalfundi.
3. Fastaráð BÍS.
4. Fastráðnir starfsmenn BÍS, skátasambanda og skátafélaga.
5. Stjórnir skátafélaga sem ekki teljast að fullu starfhæf

C) Áheyrnarfulltrúar:

1. Starfandi skátar sem náð hafa 18 ára aldri.

Greinargerð

Í þessari tillögu eru tvær megin breytingar ásamt smávægilegum lagfæringum á B-lið. Fyrsta breytingin tekur á atkvæðum stjórnar á skátapingi. Ekki er gert ráð fyrir því að stjórnin hafi atkvæði á skátapingi enda er pingið

æðsta vald hreyfingarinnar. Stjórnin starfar í umboði þingsins þar á milli. Stjórnin hefur tillögurétt og flytur mál fyrir þinginu en þingfulltrúar greiða svo atkvæði um þær tillögur.

A liður tekur á atkvæðafjölda á skátaþingi. Þar segir að öll skátafélög séu jöfn fyrir þinginu. Þannig er lögð áhersla á að þarfir skátafélaga séu þær sömu óháð stærð og að ekki sé rétt að binda atkvæðafjölda við fjölda meðlima. Þessi breyting er einnig til þess fallin að bæta skráningar skátafélaganna og gera þær gagnsærri og raunverulegri enda sé ekki lengur nein akkur í því að oftelja félag. Þriðja atkvæðið er bundið því að félögin hafi lokið vinnu við umbóta- og matskerfið „Á rétttri leið“. Það er markmið BÍS að öll skátafélög taki upp þetta kerfi enda er það til þess fallið að styrkja félögin og auka gæði skátastarfs. Hérna er í fyrsta skipti kominn raunverulegur hvati fyrir félögin til þess að einhenda sér í verkefnið og ljúka því. Þennan hvata hefur þótt skorta hjá félögunum. Atkvæði eru því að lágmarki tvö fyrir hvert félag og að hámarki þrjú.

Seinni hluti A) liðar tekur á fjölda þingfulltrúa. Með því að gera félagsforingja eða aðstoðarfélagsforingja einum kleift að fara með félagsforingjaatkvæði er tryggt að slagkraftur þingsins verði meiri. Það er með öðrum orðum ætlast til þess að félagsforingjar mæti á skátaþing enda sé það æðsta vald BÍS. Önnur atkvæði eru einnig háð því að félögin leggi til þingfulltrúa. Þetta miðar að því að þingið verði fjölmennt og vel setið. Það er hagar hreyfingarinnar að málefni hreyfingarinnar séu rædd á breiðum grundvelli og því eðlilegt að að tryggja góða mætingu á þingið.

Ekki er gert ráð fyrir því að formenn skátasambanda séu með atkvæðisarétt en þeir fá þess í stað tillögurétt sem og starfsmenn, BÍS sambanda og skátafélaga. Það sama á við um skátafélög sem ekki eru að fullu starfhæf. Þetta er gert til að hnykkja enn frekar á því að skátaþing sé æðsti vettvangur skátahreyfingarinnar og Bandalagsins og því séu það aðeins starfandi skátafélög sem að hafa þar atkvæðisarétt.

Til útskýringar:

Starfandi skátafélög telst það skátafélag sem á skátaþingi:

- Starfar samkvæmt lögum BÍS og uppfyllir að fullu greinar 12, 13, 14, 15 og 16 þeirra laga
- Hefur innan sinna vébanda að lágmarki eina skátasveit með að lágmarki 8 skátum á skátaaldri sem hafa síðasta hálfu árið starfað með reglubundnum hætti samkvæmt gildandi dagskrá BÍS.
- Er að vinna að því að teljast skátafélag „Á rétttri leið“.

Tillaga um staðfestingu á aðild BÍS að samtökunum Almannheill. Þingskjal no 12.

Margrét Tómasdóttir, skátahöfðingi fylgir tillögu um Almannheill úr hlaði:

Stjórn BÍS leggur til að Bandalag íslenskra skáta sé aðili að samtökunum Almannheill.

Greinargerð:

Samtökin Almannheill - samtök þriðja geirans eru samstarfsvettvangur félaga og sjálfseignarstofnana sem vinna að almannheill á Íslandi. Samtökin voru stofnuð sumarið 2008 til að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum frjálsra félagasamtaka sem starfa í almannáþágu, jafnframt að vera málsvari þeirra gagnvart opinberum aðilum og fjölmiðlum. Þá ætla samtökin að vinna að því að heildaröggjöf verði sett um starfsemi frjálsra félagasamtaka, að skattaleg staða þeirra verði bætt, og að sýnileiki þriðja geirans í þjóðfélaginu verði aukinn.

Stjórn Bandalags íslenskra skáta samþykkti að BÍS gerðist stofnaðili að samtökunum og óskar með tillögu þessari staðfestingar Skátaþings á þeirri ákvörðun sinni.

Tillaga um meðferð ríkisstyrks BÍS. Þingskjal no 13

Helgi Grímsson Vífil fylgir tillögu Vífils og Mosverja úr hlaði:

Skátafélögin Vífill og Mosverjar leggja fram eftirfarandi tillögu til samþykktar skátaþings 2009:

Skátaþing, haldið í Reykjavík 23. mars 2009 samþykkir:

Árlega sækir stjórn Bandalags íslenskra skáta um rekstrarstyrk til ríkissjóðs. Styrkbeiðni skal taka mið af sameiginlegum hagsmunum landsamtakanna, skátafélaganna og þróun skátastarfs í landinu. Með styrk frá ríkissjóði til Bandalags íslenskra skáta skal fara með eftirfarandi hætti:

1. Tryggð skal lágmarksþjónusta skrifstofu BÍS við skátafélögin í landinu. Styrkinn skal því fyrst nota til þess að greiða laun tveggja starfsmanna BÍS (fræðslustjóra og félagsmálastjóra eða ígildi þeirra starfsheita) og hluta af föstum rekstrarkostnaði skátamiðstöðvarinnar (þ.e. fasteignagjöld, sími, netkostnaður, hugbúnaðarleyfi, rafmagn, hiti og tryggingar).
2. Helmingi þeirrar fjárhæðar sem eftir stendur þegar kostnaði vegna liðar 1 hefur verið ráðstafað skal deilt niður á **starfandi skátafélög** (sjá nánar greinargerð framlagðrar tillögu til breytingar á 20. grein laga BÍS) miðað við **fjölda skáta á skátaaldri** (sjá nánar framlagða tillögu til breytingar á 16. grein laga BÍS) í viðkomandi skátafélagi. Fjárhæðin myndi inneign skátafélags hjá BÍS sem það getur nýtt til þjónustu- og efniskaupa frá BÍS (t.d. námskeið, dagskrárefni, skátavörur s.s. merki og klútar).
3. Hinn helmingurinn sem eftir stendur þegar kostnaði vegna liðar 1 hefur verið ráðstafað skal nýttur samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar og skátaþings. Hann skal meðal annars nýttur til þess að jafna ferðakostnað skátaforingja vegna þátttöku á

foringjanámskeiðum BÍS.

4. Það fjármagn sem fæst til styrktar sérstökum verkefnum (t.d. uppbyggingu og rekstrar útilífsmiðstöðva) skal fara óskipt til þeirra verkefna.

Greinargerð

Í gegnum árin hefur vantað „tæki“ til þess að hvetja skátafélög til þess að standa skil á tilskyldum gögnum og vinna með markvissum hætti að framgangi skátastarfs líkt og boðað er í lögum BÍS.

Það er sagt að fjármagn sé hreyfiafl. Með því gefa skátafélögum sem standast skilgreiningar landssamtakanna um ytri umgjörð skátastarfs, óbeina hlutdeild í styrk ríkisins til skátastarfs er verið að efla sjálfstæði og afl skátafélaganna og hvetja þau til góðra verka. Félögin fá þannig eynamerka upphæð sem þau geta nýtt til þess að kosta þjálfun foringja sinna, fá dagskrárefni og tilteknar skátavörur sem hefð er fyrir að skrifstofa BÍS sjái um framleiðslu og birgðahald á. Um leið er sett kvöð á stjórn BÍS um forgangs röðun verkefna skrifstofunnar: Helsta hlutverk skrifstofunnar er að þjónusta skátafélögin í landinu og efla skátastarf. Þessi tillaga gerir ráð fyrir að skátafélög kaupi síðan þjónustu BÍS (námskeið, gögn til skátastarfs, skátabúninga, merki og einkenni) á markaðsverði. Það gerir einnig þá kröfu á BÍS að vara og þjónusta sé af ásættanlegum gæðum miðað við verð.

Stykur ríkisins til BÍS hefur hækkað verulega á liðnum árum og hefur í gegnum tíðina tekið töluverðum breytingum. Ef styrkur ríkisins lækkar verulega er samkvæmt tillögunni engu að síður tryggt að fyrst sé litið til sameiginlegs rekstrar áður en kemur að inneign skátafélaganna.

Tillagan gerir ráð fyrir að stjórn BÍS setji nánari vinnureglur um ferlið svo að stríði ekki gegn

3. grein æskulýðslaga (2007 nr. 70 28. mars). Þá gerir tillagan einnig ráð fyrir að fjármagn sem kemur vegna styrkbeiðna til sértakra verkefna (t.d. Útilífsmiðstöðvar) fari óskipt til þeirra verkefna. Þá skal það sérstaklega tekið fram að þau félög sem standa að þessari tillögu afsala sér inneign hjá BÍS fyrstu þrjú árin og vilja að þeir fjármunir sem til þeirra hefðu runnið fari óskiptir í styrktarsjóð skáta

Þingfundir síðan frestað kl. 23:45 til laugardags kl. 16:00.

Laugardagur 21. mars kl. 16:00. Þingfundir framhaldið.

Tillögur í þingskjali 10 og 11 teknar til umræðu.

Til máls tóku:

Margrét Tómasdóttir skátahöfðingi, Þorvaldur Sigmarsson Kópum, Eiríkur Guðmundsson stjórn SSR, Helgi Grímsson Vífli, Guðmundur Finnbogason Vífli, Elmar Orri Landnemum, Ævar Aðalsteinsson Mosverjum, Bragi Björnsson aðst. skátahöfðingi.

Margrét Tómasdóttir lagði fram eftirfarandi tillögu: Stjórn BÍS verði falið að setja á á fót laganefnd, setji henni erindisbréf um endurskoðun á lögum BÍS. Nefndin vinni innan tímaramma og skal vinna í tengslum við skátafélög í landinu. Nefndin skila áfangaskýrslu á félagsforingjafundi í ágúst og ljúki störfum fyrir næsta skátaþing.

Guðbjörg Sigurðardóttir Borgarnesi lagði fram eftirfarandi tillögu:

Skátaþing 20. 21. mars 2009 beinir því til stjórnar BÍS að boða hið fyrsta til félagsforingjafundar þar sem hafinn verði undirbúningur að breytingum á lögum BÍS og kosin lagaskoðunarnefnd.

Þessar tvær tillögur voru settar saman og bornar þannig upp:

Skátaþing 20. 21. mars 2009 beinir því til stjórnar BÍS að boða hið fyrsta til félagsforingjafundar þar sem hafinn verði undirbúningur að heildarendurskoðun á lögum BÍS og kosin lagaskoðunarnefnd. Þessi millipinganefnd fái erindisbréf frá stjórn BÍS og vinni innan tímaramma. Áfangaskýrslu sé skilað á félagsforingjafundi í ágúst og ljúki störfum fyrir næsta skátaþing.

Þannig var tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal no. 12. Aðild BÍS að samtökunum Almannaheill.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal no. 13 Um meðferð ríkisstyrks BÍS.

Umræður, til máls tóku:

Þorvaldur J Sigmarsson, Kópum, Guðmundur Björnsson, Ægisbúum. Karlínna Stefánsdóttir, Stróki, Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri BÍS.

Helgi Grímsson, Vífli, dregur tillöguna til baka fyrir hönd tillöguflytjenda.

Önnur mál

Í upphafi undir þessum lið bauð Margrét Tómasdóttir, skátahöfðingi, Fríði Finnu Sigurðardóttur frá Evrópustjórn WAGGGS, velkomna á þingið.

1. Skátaþing haldið í Reykjavík 20. – 21. mars 2009 samþykkir að beina því til stjórnar Bandalags íslenskra skáta að skora á Reykjavíkurborg og opinbera aðila að hækka styrki til Útilífsmiðstöðvarinnar á

Úlfjótsvatni til samræmis við styrki til útlífs og æskulýðsmiðstöðva annarra æskulýðssamtaka. Flutt af Sigurði Má Ólafssyni.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

2. Júlíus Aðalsteinsson BÍS ræddi um þátttökutilkynningar á þingið og baðst afsökunar á því að ekki hefðu allir þingfulltrúar fengið sæti við borð í gær. Ástæðan væri sú að á þingið mættu skátar sem ekki hefðu tilkynnt þátttöku eins og lög BÍS gera ráð fyrir. Raðað hefði verið í salinn með tilliti til þátttökutilkynninga.
3. Fríður Finna Sigurðardóttir sagði frá störfum sínum í Evrópustjórn WAGGGS og hvaða gagn hreyfingin á Íslandi hefði af hennar störfum þar.
4. Tryggvi Marinósson, Klakki, þakkaði góðan viðskilnað gesta Landsmóts 2008 við svæðið á Hömrum. Ræddi tengingu foreldra við skátafélög og að lokum óskaði hann eftir myndum frá skátafélögum sem voru á Landsmótinu. Bað um að fá þær sendar í tölvupósti.
5. Jakob Guðnason, Hraunbúum, kynnti Miðjuhópin og sagði frá mótum sem þeir muni standa fyrir. Vormót Hraunbúa verður 12. – 14. júní í umsjón Miðjuhópsins.
6. Elmar Orri Gunnarsson, Landnemun, afhenti BÍS landakort af Íslandi að gjöf en Roverway nefndin komst að því að ekkert slíkt væri á skrifstofu BÍS. Hann kynnti síðan Landnemamót 16. – 23. júní – Aftur til fortíðar.

Slit

Margrét Tómasdóttir **afhenti heiðursmerki og þjónustumerki:**

Ármann Ingi Sigurðsson, Fossbúum, Þórshamar úr bronsi.

Halldór S. Magnússon, fundarstjóri, Gyllta liljan og smárin

Skátahófdingi þakkað síðan þingfulltrúum fyrir Skátáþing 2009. Sagði að framundan væri viðburðaríkt skátarár. Hún hlakkar til að takast á við verkefnin framundan og hvatti alla til að viðhalda góðu samstarfi innan hreyfingarinnar.

Sleit síðan Skátáþingi kl. 18:00 með einkunnarorðum skáta: *Ávallt viðbúinn.*